

Sent til mbl.is: 6.7.2018
Birt í Mbl: 14.7.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Grein Haraldar Ólafssonar formanns Heimssýnar

Í Morgunblaðsgrein sinni 6. júlí 2018 vikur Haraldur Ólafsson formaður Heimssýnar nokkrum orðum að Morgunblaðsgrein minni 23. júní 2018.

Grein Haraldar

Grein Haraldar er að flestu leyti misskilningur. Hann heldur fram að viðhorf mín séu „að Íslendingar eigi að setja Evrópusambandslög um orkumál“. Þarna er Haraldur að snúa öllu á hvolft og gera mér upp skoðanir sem ég er alls ekki með.

Haraldur nefnir að ég fari „ótalmörgum orðum um ágæti markaðsbúskapar í orkumálum og þess vegna sé best að setja lög sem hjálpi þess háttar búskap.“ Hann hefði mátt nefna að markaðsbúskapur var lögleiddur á Íslandi með Raforkulögum 2003 eða fyrir 15 árum og er framkvæmd þeirra komin vel á veg. Markaðsbúskapur hefur verið tekinn upp í öllum iðnvæddum löndum, ekki bara í Evrópu en einnig um allan heim. Reynslan hefur verið mjög góð.

Eftirfarandi skítkast er ekki svaravert: „Kannski telur hann [þ.e. ég] að menn sem vinna fyrir erlend ríki séu betur til þess fallnir að stjórna á Íslandi en íslenskir ráðamenn, því útlendingunum þyki svo vænt um Íslendinga eða hugsí svo skýrt.“

Haraldur segist hafa heyrt að einhverjir hafi „misst nætursvefn vegna sverðaglamurs í orkusölusamkeppninni.“ Þetta eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig þó ég hafi lagt mig fram við að kynna mér málið í hvívetna. Þess vegna lít ég á þetta sem ætlaðan sniðugan útúrslúning sem hefur ekkert á bak við sig. Kannski hefur Haraldur heyrt þetta sjálfur og ætti hann þá að leita til læknis?

Skoðanakönnun Heimssýnar

Skoðanakönnun á vegum Heimssýnar var gerð dagana 24. apríl til 7. maí 2018 og var hún framkvæmd af fyrirtækinu Maskínu.

Spurt var: „Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að aukið vald yfir orkumálum á Íslandi verði fært til evrópskra stofnana?“ Þetta mundi maður kalla leiðandi spurningu.

Í frétt frá Heimssýn kom fram að samtals voru 80,5% þjóðarinnar andvíg því að færa vald yfir íslenskum orkumálum til evrópskra stofnana. Þar af eru 57,4% mjög andvíg og 23% frekar andvíg. Hins vegar eru 8,3% hlynnt því.

Ef ég væri spurður svona spurningar mundu viðbrögðin vera að ég væri mjög andvígur.

Það furðulega er að Heimssýn snýr skoðanakönnuninni yfir á Þriðja orkupakkann, sem er alls óskýlt mál. Spurningin á alls ekki við að því leyti.

Þriðji orkupakkinn

Í upptalningunni hér á eftir eru sýnd nokkur atriði sem haldið hefur verið fram af andstæðingum Þriðja orkupakkans og útskýrt er hvers vegna röksemdir þeirra standast ekki. Þessi listi hefur áður verið birtur.

Þriðji orkupakkinn

- fjallar ekki um hvort eigi að leggja sæstreng frá Íslandi til Bretlands. Ákvörðun um það er alfarið á hendi íslenskra stofnana, sem til þess eru bærar.
- fjallar ekki um rekstur raforkusæstrengja milli landa þ.e. hvaða rafstraumur er sendur hverju sinni og í hvora átt. Það ákvarðast eingöngu af framboði og eftirspurn á raforkumarkaði í einstökum aðildarríkjum og þar með raforkuverði á uppboðsmarkaði, en aðildarríkin hafa sjálf full tök á þeim málum hvert fyrir sig.
- fjallar ekki um hvort eigi að hækka orkuverð til almennings á Íslandi, við ákveðum það sjálf. Við munum áfram sem hingað til taka þátt í þróun raforkumarkaða, þar sem verðlagning á losun gróðuhúsalofttegunda mun skipta æ meira máli.
- fjallar ekki um framsal á forræði í eftirliti með raforkumálum á Íslandi til ESB, það verður áfram sem hingað til hjá ESA.
- fjallar ekki um framsal á forræði yfir íslenskum virkjunum til ESB, hvorki hvað varðar byggingu nýrra virkjana né rekstur þeirra.
- fjallar ekki um aukið álag á vatnsaflsvirkjanir, sem gæti haft spillandi umhverfisáhrif t.d. með því að breyta vatnsstöðu í miðlunum tíðar og meira.

Það ekki hugmyndin með Þriðja orkupakkanum að hlutast til um uppbyggingu og rekstur raforkukerfa og virkjana í einstökum löndum Evrópu, nema ef til vill með ráðgjöf og þá aðeins ef þess væri óskað. Það gæti verið mikils virði að hafa slíka ráðgjöf á takteinum áður er farið verður í gríðarframkvæmdir, sem jafnan eru á ferðinni í raforkumálum.

Lokaorð

Í samræmi við málflutninginn mætti að kalla félagsskap Haraldar Þröngsýn í stað Heimssýn.